



**Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins**  
**A – deild**

**Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í  
árslok 2023**



**Apríl 2024**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Niðurstaða athugunar .....	4
Forsendur athugunar.....	6
Staða lífeyrisaukasjóðs .....	7
Niðurstaða athugunar miðað við staðlaðar forsendur .....	9
Niðurstaða miðað við óbreyttar forsendur frá síðustu athugun .....	10
Niðurstaða án áhrifa viðauka B í samþykktum.....	11
Eignir, rekstur og endurmat.....	12
Niðurlag.....	13
Viðauki TAFLA 1.....	14
Viðauki TAFLA 2.....	15
Viðauki GÖGN .....	16

## Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) athugað tryggingafræðilega stöðu A – deildar sjóðsins (LSRA) miðað við árslok 2023. Athugunin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur sjóðsins hafði umsjón með athuguninni, sem var unnin samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Benedikt er með viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 39. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi en í viðurkenningunni felst meðal annars heimild til að gera tryggingafræðilega athugun á fjárhag hérlendra lífeyrissjóða í samræmi við 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Arnór Ingi Finnbjörnsson, stærðfræðingur hjá Talnakönnun, sá um stærstan hluta útreikninga.

Gögn um sjóðfélaga voru fengin úr Krúkerfi Fugla ehf. og voru þar upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2023.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2023.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2023.
3. Lífeyrisþegar í desember 2023.

Áreiðanleiki gagnanna var kannaður með samanburði við gögn síðasta árs og tölur úr ársreikningi og virtist ágætis samræmi vera þar á milli. Sjá viðauka þar sem nánar er fjallað um gögnin.

## Niðurstaða athugunar

Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og áföllnum lífeyrisskuldbindingum til sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda núverandi sjóðfélaga og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga vegna sjóðfélaga miðað við tryggingafræðilegar forsendur.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu athugunarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaðan sem miðast við árslok 2022. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi í lok hvors árs. Niðurstaða athugunarinnar er að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 25.468 m.kr. eða um 1,5% af heildarskuldbindingum. Það er sterkari staða en í árslok 2022 en þá var heildarstaða sjóðsins neikvæð um 94.742 m.kr. eða -5,8%. Styrking tryggingafræðilegrar stöðu á árinu má að mestu rekja til endurútreiknings á áunnum réttindum sjóðfélaga á miðju ári, sem kom í framhaldi upptöku nýrra lífslíka með spá um lækkandi dánartíðni við mat á skuldbindingum sjóðsins. Framtíðarstaðan styrkist einnig á milli ára en munar þar að mestu um raunvirðislækkun iðgjalda, sem veita rétt til jafnar réttindaávinnsla og lífeyrisauka, á milli ára.

Heildarstaða	2023	2022
Endurmetin eign	1.143.220.232	1.007.867.635
Framtíðariðgjöld	584.378.631	530.860.892
<b>Heildareign</b>	<b>1.727.598.863</b>	<b>1.538.728.527</b>
Lífeyrisskuldbindingar	1.726.265.006	1.609.755.800
Rekstrarkostnaður	26.802.305	23.714.939
<b>Heildarskuldbindingar</b>	<b>1.753.067.311</b>	<b>1.633.470.739</b>
Eignir umfram skuldir	-25.468.448	-94.742.212
<b>Staða</b>	<b>-1,5%</b>	<b>-5,8%</b>

Áfallin staða	2023	2022	Framtíðarstaða	2023	2022
Höfuðstóll	1.140.113.184	1.021.913.300	Núvirði framtíðariðgj.	584.378.631	530.860.892
Endurmat skuldabréfa	3.107.048	-14.045.664			
<b>Áfallin eign</b>	<b>1.143.220.232</b>	<b>1.007.867.635</b>	<b>Eign í framtíðarstöðu</b>	<b>584.378.631</b>	<b>530.860.892</b>
Skuldbindingar vegna:					
Ellilífeyris	926.451.353	859.839.367	Ellilífeyris	653.807.766	613.248.898
Örorkulífeyris	58.318.590	55.640.493	Örorkulífeyris	51.839.668	47.617.043
Makalífeyris	18.833.578	17.412.705	Makalífeyris	12.639.900	12.038.722
Barnalífeyri	1.223.272	1.061.616	Barnalífeyri	3.150.880	2.896.957
Rekstrarkostnaður	11.655.486	10.346.862	Rekstrarkostnaður	15.146.819	13.368.077
<b>Áfallnar skuldb. alls</b>	<b>1.016.482.278</b>	<b>944.301.043</b>	<b>Framtíðarskuldb. alls</b>	<b>736.585.033</b>	<b>689.169.696</b>
Eignir umfram skuldir	126.737.954	63.566.592	Eignir umfram skuldir	-152.206.402	-158.308.804
<b>Staða</b>	<b>12,5%</b>	<b>6,7%</b>	<b>Staða</b>	<b>-20,7%</b>	<b>-23,0%</b>

Iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð er 0,10% af stofni til iðgjalds og lækkar því væntar iðgjaldtekjur sjóðsins sem því nemur en að sama skapi eru væntingar um að örorkuskuldbindingar sjóðsins lækki. En það á eftir að koma í ljós hversu mikið örorkubyrðin lækkar (sem þýðir lægri örorkulíkur) og mun reynsla næstu ára skera úr um það. Á meðan verður ekki tekið tillit til áhrifa þessara útgjalda í tryggingafræðilegri athugun, það er hvorki í útreikningi á núvirði væntra iðgjalda eða örorkuskuldbindinga.

Heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 1,5% og því innan þeirra marka sem lög kveða á um. Þar segir að heildarstaðan eigi að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og aldrei utan 10% marka.

Heildarlífeyrisskuldbindingar A – deildar LSR í árslok 2023 eru 1.753.067 m.kr. og hækkuðu um 119.597 m.kr. á árinu 2023. Lækkun áunninna réttinda á miðju ári 2023, sem viðbrögð við nýjum lífslíkum með spá um lækandi dánartíðni, lækka áfallnar skuldbindingar í árslok 2023 um 71.472 m.kr. en helstu breytingar á skuldbindingum á árinu 2023 eru sýndar í töflum hér að neðan.

<b>Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar</b>		
<b>Eignir</b>	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	1.727.598.863	1.538.728.527
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	1.538.728.527	1.453.928.548
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	188.870.336	84.799.979
<b>Skuldbindingar</b>		
Skuldbindingar í árslok	1.753.067.311	1.633.470.739
Skuldbindingar í ársbyrjun	1.633.470.739	1.493.886.199
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	119.596.573	139.584.540
<b>Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu</b>	<b>69.273.763</b>	<b>-54.784.561</b>

<b>Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar</b>		
	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	944.301.043	814.160.744
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	113.452.994	108.375.027
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	46.184.231	41.892.989
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	-20.886.732	-16.242.537
Hækkun vegna breytinga á tryggingafræðilegum forsendum	-432.369	0
Breytingar á áunnum réttindum	-71.472.384	0
Hækkun ársins vegna lífeyrisaukaréttinda	10.416.885	9.754.046
Hækkun vegna virði réttinda umfram verðmæti iðgjalda ársins	0	4.425.756
Breyting á rekstrarkostnaðar á föstu verðlagi	480.874	1.196.735
Lækkun á frestunarstuðli m.v. tveggja ára frestun lífeyristöku	0	-18.911.717
Gömul stigaréttindi reiknuð m.v. 65 ára í stað 67 ára	-4.871.174	0
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	-691.091	-350.000
<b>Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok</b>	<b>1.016.482.278</b>	<b>944.301.043</b>

## Forsendur athugunar

### Ellilífeyrir

1. Í tryggingafræðilegri athugun, sem miðast við 31. desember 2023, er gert ráð fyrir að sjóðfélagar sem eru enn í starfi byrji að taka út ellilífeyri þegar þeir ná 67 ára aldri. Ef sjóðfélagi er þegar orðinn eldri en 67 ára í lok árs 2023, er gert ráð fyrir að hann hefji töku ellilífeyris í lok þess árs. Þetta á við um öll framtíðarréttindi og áunnin réttindi, að undanskildum eldri stigaréttindum.
2. Fyrir gömul stigaréttindi, sem áunnin eru fyrir 1. júní 2017 skv. jafnri réttindaávinnslu, er áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 65 ára aldri. Ef ellilífeyristöku er frestað hækkar ellilífeyrir skv. margeldisstuðlum í samþykktum sjóðsins.
3. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
4. 12,77% af hverju ársiðgjaldi (miðað við 15,5% iðgjald af launum) vegna launþega gefur árleg áunnin réttindi til ellilífeyris miðað við jafna innvinnslu frá og með 67 ára aldri. Sérstök réttindafla sýnir réttindaávinnslu aldursháðra réttinda.

### Örorkulífeyrir

1. Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 40% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi.
2. Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir hinn sami og áunninn ellilífeyrir og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 38. grein samþykpta sjóðsins.
3. Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
4. Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum. Frá þeim tíma hækkar lífeyririnn (og kallast ellilífeyrir), ef örorkumatið var minna en 100%, og verður eins og örorkan hefði verið 100%.

### Makalífeyrir

1. Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga.
2. Áunninn makalífeyrir er 50% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
3. Makalífeyrir skal greiddur óskertur í þrjú ár frá andláti sjóðfélaga hið minnsta og síðan að hálfu í tvö ár til viðbótar en þó alltaf óskertur meðan yngsta barn sjóðfélaga er 22 ára eða yngra og á framfæri sjóðfélaga.
4. Þegar skilyrðin í ofangreindum lið eru ekki lengur uppfyllt skal greiða ævilangan makalífeyri, ef makinn er fæddur fyrir 1. janúar 1925 eða fyrr fá ævilangan óskertan makalífeyri og þeir sem eru fæddir á árunum 1925 til 1970 fá skertan ævilangan makalífeyri 2% á ári þegar önnur skilyrði gefa ekki hærri makalífeyri.
5. Réttur makalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi. Ef ekki var greiddur barnalífeyrir þá var miðað við greiðslur að fullu í þrjú ár og síðan að hálfu í tvö ár til viðbótar nema lífeyrisþeginn hafi verið fæddur fyrir 1. janúar 1945.

## Barnalífeyrir

1. Við andlát sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 22 ára aldri.
2. Mánaðarlegur barnalífeyrir er 34.776 krónur á mánuði.
3. Börn örorkulífeyrisþega eiga einnig rétt á bótum í hlutfalli við örorku. Fullur barnalífeyrir með hverju barni örorkulífeyrisþega er 26.082 krónur á mánuði.
4. Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

## Almennar forsendur

1. Ávöxtun 3,5% umfram vísitölu neysluverðs til verðtryggingar en það eru staðlaðar forsendur.
2. Sérhæfðar lífslíkur miðað við reynslu sjóðfélaga á tímabilinu 2018 til 2022. Þetta er breyting frá stöðluðum lífslíkum skv. reglugerð 391/1998 en þar er miðað við reynslu þjóðarinnar 2014 – 2018 skv. tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðherra. Gert er ráð fyrir lækkanði dánartíðni til framtíðar skv. spálíkani Félags íslenskra tryggingastærðfæðinga (FÍT), sem staðfest var af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021.
3. Sérhæfðar örorkulíkur miðað við reynslu sjóðsins árin 2010 til 2014. Þetta er breyting frá stöðluðum örorkulíkum en þar er miðað við reynslu íslenskra lífeyrissjóða á tímabilinu 2011 – 2016 skv. reglugerðinni og tilkynningu ráðherra.
4. Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur skv. stöðluðum forsendum.

## Staða lífeyrisaukasjóðs

Ríkissjóður greiddi 106,8 milljarða til sjóðsins í svokallaðan lífeyrisaukasjóð í árslok 2016. Þessi fjárhæð átti að tryggja að sjóðurinn gæti staðið undir jafnri réttindaávinnslu frá og með 1. júní 2017 en eðli hennar er að verðmæti iðgjalda eftir miðja starfsævi dugar ekki fyrir verðmæti réttinda. Það gilda sérstakar reglur um útreikning á lífeyrisaukanum og hvernig skuli bregðast við ef reiknuð staða hans hverju sinni er ekki innan tiltekinna marka. En í grófum dráttum þá á að bæta við lífeyrisauka í árslok nafnávöxtum ársins hjá LSR og draga frá hversu mikið áunnin jöfn réttindi ársins hafa kostað sjóðinn umfram aldursháða ávinnslu. Markmiðið er að sjálfsögðu að sjóðurinn dugi meðan einhver á rétt til jafnrar réttindaávinnslu. Sérstök skýrsla til stjórnar sjóðsins um lífeyrisaukann er skilað árlega. Staða lífeyrisaukasjóðs í árslok 2023 og sl. fjögur ár þar á undan er að sjá í eftirfarandi töflu.

	Lífeyrisauki	2023	2022	2021	2020	2019
Lífeyrisauki í ársbyrjun		132.240.738	134.938.104	125.232.888	117.087.085	108.052.446
Lífeyrisauki ársins		-10.416.800	-9.754.046	-9.993.312	-8.830.604	-8.220.817
Reiknuð ávöxtun ársins		11.807.699	-5.240.821	19.698.528	16.976.407	17.255.456
Innborgun úr ríkissjóði í lok árs		0	12.297.500	0	0	0
Lífeyrisauki í árslok		133.631.637	132.240.738	134.938.104	125.232.888	117.087.085
Tryggingafræðilegt endurmat		364.174	-1.817.586	-4.768.349	-6.706.210	-4.746.228
Lífeyrisauki framtíðar, forsendur hvers árs		164.768.871	165.331.944	164.072.691	145.665.990	141.546.436
Reiknaður kostnaður		532.183	521.968	238.396	222.058	190.773
AH framtíðarstaða ef jákvæð		7.856.445	5.336.108	0	0	0
Reiknuð staða lífeyrisauka		-23.448.798	-30.094.652	-34.141.332	-27.361.370	-29.396.352
<b>Staða</b>		<b>-14,9%</b>	<b>-18,7%</b>	<b>-20,8%</b>	<b>-18,8%</b>	<b>-20,7%</b>
Hrein nafnávöxtun ársins		8,93%	-3,88%	15,73%	14,50%	15,97%

Rétt er að leggja áherslu á að þetta eru reiknaðar stærðir út frá byrjunarfjárhæðinni sem var greidd til sjóðsins í árslok 2016. Hún er hluti af eignum sjóðsins en reiknuð staða segir til um hvort eignir í lífeyrisaukasjóði dugi til að standa undir réttindum sem sjóðfélagar sem eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu eiga eftir að ávinna sér í framtíðinni og hvort færa eigi eignir úr varúðarsjóði í lífeyrisaukasjóðinn. Reiknuð staða núna er utan 10% markanna sjöunda árið í röð. Við tryggingafræðilega athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2023 er ekki tekið tillit til hvort réttur sjóðfélaga á jafnri ávinnslu frá árinu 2017 sé vegna réttinda þeirra í LSRA eða Brú Isj. við samþykktabreytingar sjóðanna og stofnun lífeyrisaukasjóðs á þeim tíma. Greining á flutningum sjóðfélaga á milli sjóðanna tveggja hefur ekki verið unnin undanfarin ár en mun eiga sér stað á árinu 2024.

Þróun lífeyrisauka til framtíðar eignamegin fer vitaskuld eftir ávöxtun sjóðsins en skuldamegin togast á hækkanir skuldbindinga vegna iðgjaldahækkana og brottfall þeirra sjóðfélaga sem eiga rétt á lífeyrisauka. Það bætast engir nýir í þann hóp en þeir sem hætta að greiða til sjóðsins í meira en eitt ár missa rétt til jafnar ávinnslu réttinda.

Reiknuð staða lífeyrisaukasjóðsins er nú neikvæð um 23.449 m.kr. eða -14,9%. Það er betri staða en í árslok 2022 þegar staða lífeyrisaukasjóðsins var neikvæð um 30.095 m.kr. eða -18,7%.

Í árslok 2022 greiddi ríkissjóður 12.298 m.kr. framlag inn í lífeyrisaukasjóðinn. Framlagið á að standa undir lífeyrisaukaréttindum þeirra sjóðfélaga sem ekki var gert ráð fyrir í útreikningi á stofnfjárhæð lífeyrisaukasjóðs en hafa greitt sín iðgjöld í jafna réttindaávinnslu eftir réttindabreytingu ársins 2017.

Í X. ákvæði til bráðabirgða í lögum LSR segir að leggja skuli mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs verði reiknuð staða hans neikvæð um meira en 10% í fimm ár. Komi sú staða upp skuli leggja allan varúðarsjóðinn, eða hluta hans, við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til -5,0% viðmiði er náð. Uppreiknuð staða varúðarsjóðs var 14.768 m.kr. í árslok 2023 og væri staða lífeyrisaukasjóðs því neikvæð um 8.681 m.kr. eða -5,5% verði varúðarsjóðurinn allur talinn með eignum lífeyrisaukasjóðs. Ljóst er því að varúðarsjóðurinn einn myndi ekki koma stöðu lífeyrisaukasjóðs innan 5% vikmarka m.v. tryggingafræðilega stöðu í árslok 2023.

Framreikningsiðgjöld sjóðfélaga (þ.e. iðgjöld sjóðfélaga sem eru yngri en 67 ára í árslok og reiknast með framreikning í tryggingafræðilegri athugun) sem veita rétt á jafnri réttindaávinnslu voru 29.824 m.kr. á árinu 2023 og standa nánast í stað að nafnvirði frá árinu 2022 þegar þau námu 29.844 m.kr, en báðar fjárhæðir eru á verðlagi í lok hvors árs. Taflan hér að neðan sýnir iðgjöld árána 2019 – 2023 sem koma til framreiknings eftir tegundum iðgjaldanna.


<b>Framreikningsiðgjöld (&lt;67 ára) í árslok</b>	<b>2023</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>
Lífeyrisaukaiðgjöld	29.824.080	29.854.122	28.254.024	27.632.750	26.772.465
Aldursháð ávinnsla - iðgjöld	15.227.228	11.604.573	9.001.287	6.598.668	4.540.949
Iðgjöld samtals	45.051.309	41.458.695	37.255.311	34.231.417	31.313.415
Lífeyrisaukaiðgjöld / samtals iðgjöld	66,2%	72,0%	75,8%	80,7%	85,5%

Hlutdeild aldursháðu iðgjalda eykst verulega á milli ára og skýrir það mikla bætingu á framtíðarstöðustöðu LSRA frá árslokum 2023. Fjöldi þeirra sem eiga rétt á jafnri ávinnslu eru 17.797 í árslok 2023 sem er fækkun um 1.387 sjóðfélaga, eða 7,2% fækkun, frá árslokum 2022. Þetta er ívið meira brottfall en á árinu 2022 þegar brottfallið var 5,9%. Grafið hér að neðan sýnir aldurskiptingu þessa hóps sl. þrjú ár.



## Fjöldi sjóðfélaga með rétt á lífeyrisaukaréttindum í árslok 2023

Dreifing eftir heiltölualdri sjóðfélaga sl þrjú ár



## Niðurstaða athugunar miðað við staðlaðar forsendur

Töflurnar sýna niðurstöður athugunarinnar með samanburði við staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur. Forsendur athugunarinnar eru frábrugðnar staðalforsendum að því leyti að notaðar eru sérhæfðar lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga við mat á skuldbindingum sjóðsins. Reynsla undanfarinna ára er sú að bæði dánar- og örorkutíðni sjóðfélaga LSR eru undir staðalforsendum. Við staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur væri heildarstaða sjóðsins 35.765 m.kr. veikari og væri neikvæð um 3,5%. Áfallnar skuldbindingar væru 6.145 m.kr. lægri og áfallin staða sjóðsins +13,2% í stað +12,5%.

Niðurstaða í árslok 2023	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur
<b>ÁFALLIN STAÐA</b>			<b>HEILDARSTAÐA</b>	
Höfuðstóll	1.140.113.184	1.140.113.184	Framtíðariðgjöld	584.378.631
Endurmat skuldabréfa	3.107.048	3.107.048	Eign	1.143.220.232
Eign	<b>1.143.220.232</b>	<b>1.143.220.232</b>	Heildareign	<b>1.727.598.863</b>
Elliskuldbinding	926.451.353	900.904.212	Elliskuldbinding	1.580.259.119
Örorkuskuldbinding	58.318.590	76.454.676	Örorkuskuldbinding	110.158.258
Makaskuldbinding	18.833.578	20.173.713	Makaskuldbinding	31.473.478
Barnaskuldbinding	1.223.272	1.222.936	Barnaskuldbinding	4.374.152
Rekstrarkostnaður	11.655.486	11.581.849	Rekstrarkostnaður	26.802.305
Skuldbindingar alls	<b>1.016.482.278</b>	<b>1.010.337.386</b>	Skuldbindingar alls	<b>1.753.067.311</b>
Eignir umfram skuldb.	126.737.954	132.882.846	Eignir umfram skuldb.	-25.468.448
<b>Staða</b>	<b>12,5%</b>	<b>13,2%</b>	<b>Staða</b>	<b>-1,5%</b>
				<b>-3,5%</b>

## Niðurstaða miðað við óbreyttar forsendur frá síðustu athugun

Haustið 2023 uppfærði Talnakönnun sérhæfðar dánar- og eftirlifendatöflur fyrir LSRA. Reiknuð voru ný sérhæfð frávík frá staðlaðri dánartíðni sem byggja nú á reynslu sjóðfélaga á árunum 2018 – 2022. Síðustu dánar- og eftirlifendatöflur sjóðsins byggðu á reynslu sjóðfélaga árin 2014 – 2018.

Áhrif nýrra sérhæfðra dánar- og eftirlifendataflna eru óverulega eða 0,04% til styrkingar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í árslok 2023. Taflan hér að neðan sýnir áhrif nýrra sérhæfðra lífslíka við mat á skuldbindingum í tryggingafræðilegri athugun í árslok 2023.

Niðurstaða í árslok 2023	Forsendur athugun	Óbreyttar forsendur		Forsendur athugunar	Óbreyttar forsendur
<b>ÁFALLIN STAÐA</b>			<b>HEILDARSTAÐA</b>		
Höfuðstóll	1.140.113.184	1.140.113.184	Framtíðariðgjöld	584.378.631	583.922.199
Endurmat skuldabréfa	3.107.048	3.107.048	Eign	1.143.220.232	1.143.220.232
Eign	<b>1.143.220.232</b>	<b>1.143.220.232</b>	Heildareign	<b>1.727.598.863</b>	<b>1.727.142.431</b>
Elliskuldbinding	926.451.353	926.819.402	Elliskuldbinding	1.580.259.119	1.580.108.020
Örorkuskuldbinding	58.318.590	58.292.260	Örorkuskuldbinding	110.158.258	110.097.897
Makaskuldbinding	18.833.578	18.924.370	Makaskuldbinding	31.473.478	31.809.355
Barnaskuldbinding	1.223.272	1.223.129	Barnaskuldbinding	4.374.152	4.485.288
Rekstrarkostnaður	11.655.486	11.661.616	Rekstrarkostnaður	26.802.305	26.802.305
Skuldbindingar alls	<b>1.016.482.278</b>	<b>1.016.920.777</b>	Skuldbindingar alls	<b>1.753.067.311</b>	<b>1.753.302.866</b>
Eignir umfram skuldb.	126.737.954	126.299.455	Eignir umfram skuldb.	-25.468.448	-26.160.435
<b>Staða</b>	<b>12,5%</b>	<b>12,4%</b>	<b>Staða</b>	<b>-1,5%</b>	<b>-1,5%</b>

## Niðurstaða án áhrifa viðauka B í samþykktum

Sem viðbrögð við nýjum dánar- og eftirlifendatöflum með spá um lækkandi dánartíðni til framtíðar, sem sjóðnum bar í fyrsta sinn skv. reglugerð 391/1998 að nota við mat á sínum lífeyrisskuldbindingum, voru áunnin réttindi allra sjóðfélaga endurreiknuð á miðju ári 2023. Með þessum endurútreikningi áunninna réttinda var komið í veg fyrir verulega aukningu áfallinna skuldbindinga vegna væntinga um lengri greiðslutíma lífeyris sem og millifærslu fjármuna á milli á kynslóða sem hefði annars orðið við upptöku nýrra dánar- og eftirlifendataflna við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Endurútreikningi áunninna réttinda er í lýst í viðauka B í samþykktum sjóðsins og tók gildi þann 1. júlí 2023.

Þann 30. nóvember 2023 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli E-1722/2023 gegn Lífeyrissjóði verzlunarmanna (LV) þar sem aldursháð aðlögun áunninna réttinda sjóðfélaga LV vegna nýrra lífslíka með spá um lækkandi dánartíðni, sem sjóðnum bar í fyrsta sinn að nota við mat á sínum skuldbindingum í árslok 2021, var dæmt ógild. LV hefur áfrýjað niðurstöðu dómsins til Hæstaréttar. Ekki er víst að endanleg niðurstaða í máli LV muni hafa áhrif á breytingarákvæði viðauka B í samþykktum LSRA þar sem aðlögun LSRA er nokkuð frábrugðin aðferð LV.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð m.v. gildandi samþykktir sjóðsins í árslok 2023. Til upplýsingar sýna töflurnar hér að neðan tryggingafræðilega stöðu í árslok 2023 án áhrifa viðauka B í samþykktum sjóðsins.

Áfallin staða í árslok 2023	Tryggingafræðileg athugun 31.12.2023	Án áhrifa viðauka B
Höfuðstóll	1.140.113.184	1.140.113.184
Viðbót vegna endurmats	3.107.048	3.107.048
<b>Hrein áfallin eign</b>	<b>1.143.220.232</b>	<b>1.143.220.232</b>
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar	1.004.826.792	1.076.299.176
Núvirði rekstrarkostnaðar	11.655.486	12.109.947
<b>Heildarskuldbindingar</b>	<b>1.016.482.278</b>	<b>1.088.409.123</b>
Eignir umfram skuldbindingar	126.737.954	54.811.109
<b>Hlutfall af skuldbindingum</b>	<b>12,5%</b>	<b>5,0%</b>

Heildarstaða í árslok 2023	Tryggingafræðileg athugun 31.12.2023	Án áhrifa viðauka B
Hrein áfallin eign	1.143.220.232	1.143.220.232
Framtíðariðgjöld	584.378.631	584.378.631
<b>Heildareign</b>	<b>1.727.598.863</b>	<b>1.727.598.863</b>
Lífeyrisskuldbindingar	1.726.265.006	1.797.737.390
Núvirði rekstrarkostnaðar	26.802.305	26.802.305
<b>Heildarskuldbindingar</b>	<b>1.753.067.311</b>	<b>1.824.539.695</b>
Eignir umfram skuldbindingar	-25.468.448	-96.940.832
<b>Hlutfall</b>	<b>-1,5%</b>	<b>-5,3%</b>

## Eignir, rekstur og endurmat

Skuldabréfaeign sjóðsins var endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það 3.107 m.kr. eða +0,3% af bókfærðri eign. Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Verðmæti bréfa sjóðsins sem bera uppgreiðsluákvæði eru endurmetin, en tryggingastærðfræðingar hafa gefið út reglur um hvernig þau skuli metin.

Endurmatsverð eigna var borið saman við bókfært verð eigna og gengið úr skugga um að bókfærða verðið stemmdi við staðfestan ársreikning. Eins voru valin nokkur verðbréf og verðbréfaflokkar og endurmatsverð þeirra reiknað hjá Talnakönnun. Niðurstöður þeirra útreikninga stemmdu við endurmatsverðmætið frá sjóðnum.

Annar rekstrarkostnaður sem kom til núvirðingar var krónur 1.143 m.kr sem er uppfært meðaltal síðustu þriggja ára. Núvirði hans var 26.802 m.kr. sem koma til frádráttar á tryggingafræðilegri eign. Núvirtur kostnaður vegna áfallinnar skuldbindingar er hlutfall reiknaðrar áfallinnar lífeyrisskuldbindingar af heildarskuldbindingu að viðbættum framtíðariðgjöldum og gaf það 11.655 m.kr.

Endanlegur ársreikningur barst í tölvupósti 6. mars og byggir niðurstaða þessarar athugunar á þeim tölum.

## Niðurlag

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í góðu samræmi við niðurstöðu fyrri ára þegar tillit hefur verið tekið til nýrra gagna auk ávöxtunar sjóðsins og verðbólgu á árinu 2023.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 1,5% sem telst nokkuð ásættanlega staða m.v. ávöxtun á eignamörkuðum undanfarin ár. Frá tryggingafræðilegri athugun í árslok 2022 hafa raunvextir á markaði hækkað umtalsvert sem kemur einungis fram í tryggingafræðilegu endurmati sem hækkar úr -14.046 m.kr í +3.107 m.kr. á árinu 2023. Lágu raunvaxtastigi, sem einkennt hefur eignamarkaði undanfarin ár, fylgja miklar áskoranir fyrir lífeyrissjóði sem byggja á sjóðasöfnun en allar skuldbindingar sjóðsins í tryggingafræðilegri athugun eru núvirtar með 3,5% raunvaxtaviðmiði. Heilbrigðara fjárfestingarumhverfi með hærra raunvaxtastigi gerir sjóðinn líklegri til að ná hærri ávöxtun, m.t.t. áhættu, til framtíðar og gæti þ.a.l. haft jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu á næstum árum.

Gert í Reykjavík 4.apríl 2024

TALNAKÖNNUN HF.



Benedikt Jóhannesson  
Tryggingastærðfræðingur sjóðsins



Arnór Ingi Finnbjörnsson  
Stærðfræðingur hjá Talnakönnun hf.

## Viðauki TAFLA 1

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	9.651	434,6	44	368.057	9.732	12.284	844	390.917
Óvirkir	12.683	27,3	46	38.318	635	1.193	0	40.146
Ellilífeyrisþegar	3.242	170,7	73	77.665	0	3.426	0	81.091
Örorkulífeyrisþegar	311	166,2	56	6.030	5.045	215	0	11.290
Makalífeyrisþegar	294	70,1	70	0	0	955	0	955
Barnalífeyrisþegar	486	18,7	15	0	0	0	614	614
<b>SAMTALS</b>	<b>26.667</b>	<b>194,1</b>	<b>48,1</b>	<b>490.070</b>	<b>15.412</b>	<b>18.072</b>	<b>1.458</b>	<b>525.012</b>

(þúskr.)

### Heildarskuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	23.886	390,7	44	852.436	61.908	10.195	2.307	926.845
Óvirkir	19.878	25,6	46	58.621	2.646	645	0	61.912
Ellilífeyrisþegar	7.039	131,1	72	147.019	0	1.660	0	148.680
Örorkulífeyrisþegar	1.878	146,8	54	32.113	30.193	400	0	62.705
Makalífeyrisþegar	244	66,9	70	0	0	501	0	501
Barnalífeyrisþegar	479	19,4	15	0	0	0	609	609
<b>SAMTALS</b>	<b>53.404</b>	<b>207,2</b>	<b>48,8</b>	<b>1.090.189</b>	<b>94.747</b>	<b>13.401</b>	<b>2.916</b>	<b>1.201.253</b>

(þúskr.)

### Heildarskuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	33.537	403,3	44	1.220.493	71.639	22.479	3.151	1.317.762
Óvirkir	32.561	26,3	46	96.938	3.281	1.838	0	102.058
Ellilífeyrisþegar	10.281	143,6	72	224.684	0	5.086	0	229.770
Örorkulífeyrisþegar	2.189	149,5	54	38.143	35.238	614	0	73.995
Makalífeyrisþegar	538	68,6	70	0	0	1.456	0	1.456
Barnalífeyrisþegar	965	19,1	15	0	0	0	1.223	1.223
<b>SAMTALS</b>	<b>80.071</b>	<b>202,8</b>	<b>48,5</b>	<b>1.580.259</b>	<b>110.158</b>	<b>31.473</b>	<b>4.374</b>	<b>1.726.265</b>

(þúskr.)

Núvirtur kostnaður				24.535	1.710	489	68	26.802
<b>SAMTALS</b>				<b>1.604.795</b>	<b>111.869</b>	<b>31.962</b>	<b>4.442</b>	<b>1.753.067</b>

Bókfærð eign								1.140.113
Endurmat skuldabréfa								3.107
<b>Núverandi eign</b>								<b>1.143.220</b>

Ókomin iðgjöld	KARLAR							183.765
Ókomin iðgjöld	KONUR							400.613
<b>Samtals</b>								<b>584.379</b>

<b>Heildareign</b>								<b>1.727.599</b>
--------------------	--	--	--	--	--	--	--	------------------

<b>STAÐA</b>							<b>-1,5%</b>	<b>-25.468</b>
--------------	--	--	--	--	--	--	--------------	----------------

## Viðauki TAFLA 2

### Áfallin skuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	9.651	162,4	44	175.278	2.755	5.505	0	183.538
Óvirkir	12.683	27,3	46	38.318	635	1.193	0	40.146
Ellilífeyrisþegar	3.242	170,7	73	77.665	0	3.426	0	81.091
Örorkulífeyrisþegar	311	166,2	56	6.030	5.045	215	0	11.290
Makalífeyrisþegar	294	70,1	70	0	0	955	0	955
Barnalífeyrisþegar	486	18,7	15	0	0	0	614	614
<b>SAMTALS</b>	<b>26.667</b>	<b>95,5</b>	<b>48,1</b>	<b>297.290</b>	<b>8.435</b>	<b>11.294</b>	<b>614</b>	<b>317.633</b>

(þúskr.)

### Áfallin skuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	23.886	142,0	44	391.408	17.044	4.333	0	412.786
Óvirkir	19.878	25,6	46	58.621	2.646	645	0	61.912
Ellilífeyrisþegar	7.039	131,1	72	147.019	0	1.660	0	148.680
Örorkulífeyrisþegar	1.878	146,8	54	32.113	30.193	400	0	62.705
Makalífeyrisþegar	244	66,9	70	0	0	501	0	501
Barnalífeyrisþegar	479	19,4	15	0	0	0	609	609
<b>SAMTALS</b>	<b>53.404</b>	<b>96,0</b>	<b>48,8</b>	<b>629.161</b>	<b>49.884</b>	<b>7.539</b>	<b>609</b>	<b>687.193</b>

(þúskr.)

### Áfallin skuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	33.537	147,8	44	566.686	19.800	9.839	0	596.324
Óvirkir	32.561	26,3	46	96.938	3.281	1.838	0	102.058
Ellilífeyrisþegar	10.281	143,6	72	224.684	0	5.086	0	229.770
Örorkulífeyrisþegar	2.189	149,5	54	38.143	35.238	614	0	73.995
Makalífeyrisþegar	538	68,6	70	0	0	1.456	0	1.456
Barnalífeyrisþegar	965	19,1	15	0	0	0	1.223	1.223
	<b>80.071</b>	<b>95,8</b>	<b>48,5</b>	<b>926.451</b>	<b>58.319</b>	<b>18.834</b>	<b>1.223</b>	<b>1.004.827</b>

(þúskr.)

Núvirtur kostnaður				10.746	676	218	14	11.655
<b>SAMTALS</b>				<b>937.198</b>	<b>58.995</b>	<b>19.052</b>	<b>1.237</b>	<b>1.016.482</b>

Bókfærð eign 1.140.113

Endurmat skuldabréfa 3.107

**Núverandi eign 1.143.220**

Ókomin iðgjöld KARLAR

Ókomin iðgjöld KONUR 0

**Samtals 0**

**Heildareign 1.143.220**

**STADA 12,5% 126.738**

## Viðauki GÖGN

Gögnin sem bárust frá Fuglum ehf. eru textaskrár sem eru pakkaðar og eftirfarandi skrár voru notaðar við þessa tryggingafræðilegu athugun:

1. Einstaklingar: Grunnupplýsingar um einstaklinga sem koma fram í öðrum skrá, einskonaþjóðskrá.
2. Idgj\_Rettindi\_Saga\_LSR-A: Iðgjaldagreiðslur og réttindi allra sjóðfélaga. Réttindin eru uppfærð til vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2024.
3. Lifeyrir\_LSR-A: Lifeyrisþegar sem fengu greiddan lífeyri í desember 2023.
4. Tegund\_Lifeyris. Tegund lífeyrisgreiðslu
5. Idgj\_Rettindi\_Ny\_LSR-A: Iðgjöld síðustu tveggja ára eftir mánuðum.
6. Tegund\_Rettinda\_LSR-A: Listi yfir iðgjaldategundir
7. Tegund\_LifGrRettinda\_LSR-A: Listi yfir lífeyristegundir

Eftirfarandi tafla sýnir færslufjölda ofangreindra skráa:

Nafn skrár	Færslufjöldi 2023	Færslufjöldi 2022	Færslufjöldi 2021	Færslufjöldi 2020
Einstaklingar_dulk	118.686	115.307	112.201	109.320
Idgj_Rettindi_Saga_LSR-A_Dulk	1.781.210	1.562.630	1.475.814	952.307
Lifeyrir_LSR-A_Dulk	14.002	12.401	11.283	10.228
Tegund_Lifeyris	7	7	7	7
Idgj_Rettindi_Ny_LSR-A_Dulk	930.488	753.415	743.036	1.303.146
Tegund_Rettinda_LSR-A	8	6	6	6
Tegund_LifGrRettinda_LSR-A	11	11	11	11

Þessar skrár voru lesnar inn í gagnagrunn. Vinnslan í gagnagrunninum skilaði samandregnum skráum þar sem réttindi eftir aldri, kyni og stöðu voru dregin saman. Skuldbindingar og aðrar upplýsingar voru síðan unnar úr samandregnu skránum.